

Breytingartillögur

við frv. til l. um græðara.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Fyrri málslíður 1. mgr. 1. gr. orðist svo: Markmið laga þessara er að stuðla að gæðum heilsutengdrar þjónustu græðara og öryggi þeirra sem leita eftir slíkri þjónustu eða nýta sér hana.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „leggja stund á“ í 1. mgr. komi: veita.
 - b. Í stað orðanna „utan hins almenna heilbrigðiskerfis“ í 1. og 2. mgr. komi: utan hinnar almennu heilbrigðisþjónustu.
 - c. Síðari málslíður 2. mgr. orðist svo: Slík þjónusta felur í sér meðferð með það að markmiði að efla heilsu fólks, lina þjáningar, draga úr óþægindum og stuðla að heilun.
3. Við 3. gr.
 - a. Orðin „og landlæknis“ í lokamálslið 3. mgr. falli brott.
 - b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Uppfylli skráður græðari ekki lengur skilyrði skráningar skal Bandalag íslenskra græðara taka hann af skrá.
 - c. Á eftir orðunum „starfsgrein græðara“ í síðari málslíð 5. mgr. komi: aðgang almennings að skrá yfir græðara.
4. Við 4. gr.
 - a. Orðin „mistökum eða“ í 1. másl. 2. mgr. falli brott.
 - b. Í stað orðanna „enda veiti hún sambærilega vernd“ í 2. másl. 2. mgr. komi: eða annars konar tryggingu sem veitir sambærilega vernd að mati ráðherra.
5. Við 6. gr.
 - a. Í stað orðanna „hins almenna heilbrigðiskerfis“ í fyrri málslíð komi: hinnar almennu heilbrigðisþjónustu.
 - b. Síðari málslíður orðist svo: Að öðru leyti fer um meðferð upplýsinga, þar á meðal öryggi þeirra, samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og reglum settum með stoð í þeim.
6. Við 5. mgr. 7. gr. bætist: og ber þá að skrá það í sjúkraskrá sjúklings.